

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á  
ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2024.**

**Haldinn í Eddu, Reykjavík, 14. mars kl. 13 til 16.15.**

Ágætu gestir og samstarfsfólk á rannsóknasetrum Háskóla Íslands.

Það er sérstaklega ánægjulegt að vera með ykkur hér á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands.

Óhætt er að segja að starfsemi rannsóknasetranna hafi eflst og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á umliðnum tveimur áratugum. Nú svo komið að Háskóli Íslands starfrækir ellefu rannsóknasetur á 12 stöðum um landið. Það nýjasta er Rannsóknasetur HÍ í Þingeyjarsveit og var Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur ráðin í starf forstöðumanns en setrinu er ætlað að stunda rannsóknir á sviði umhverfishugvísinda.

Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt, en þau fást m.a. við rannsóknir á lífríki hafsins, umhverfi og landnýtingu, hvöllum, fiskum og fuglum, ferðamálum, bókmenntum, sagnfræði, fornleifafræði, þjóðfræði og jarðfræði, svo nokkuð sé nefnt. Á síðasta ári voru starfsmennirnir 56 talsins í 37 stöðugildum og fjölgaði um þrijú frá því árið áður. Fjöldi meistara- og doktorsnema vinnur verkefni sín við setrin, sum hver í hlutastörfum, og þá var fjöldi sumarstarfsfólks nokkur síðasta summar. Ánægjulegt er einnig að sjá að námskeiðum háskólans sem kennd eru við eða með aðkomu starfsfólk setranna heldur áfram að fjölga.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að þjóna landinu öllu – og að vera þannig í reynd háskóli allra landsmanna. Þessi ásetningur kemur skýrt fram í núverandi stefnu Háskóla Íslands, HÍ26 undir yfirskriftinni *Betri háskóli – betra samfélag*. Þar er m.a. lögð rík áhersla á að skapa umhverfi í krafti öflugs samstarfs þar sem grunnrannsóknir og hagnýting þeirra leggja af mörkum til nýsköpunar. Víða sjáum við merki þess í samstarfi rannsóknasetranna um landið. Það er sannfæring Háskóla Íslands að rannsóknasetur hans auðgi atvinnulíf, menningu og mannlíf í byggðunum þar sem þau starfa og stuðli þannig að farsælu og blómlegu samfélagi.

Góðir gestir.

Það er við hæfi að minnast Rögnvaldar Ólafssonar, fyrrverandi dósents og fyrsta forstöðumanns Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, en hann lést 1. mars sl. Rögnvaldur réðst til rannsóknastarfa hjá Raunvísindastofnun Háskólans 1973 og varð hann dósent í eðlisfræði við Verkfræði- og raunvísindadeild 1977. Rögnvaldur veitti Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands (á landsbyggðinni; nú Stofnun rannsóknasetra HÍ) forstöðu frá því að hún hóf störf árið 2003 og til ársins 2013, er hann létt af störfum fyrir aldurs sakir. Rögnvaldur var mikill frumkvöðull. Beitti hann sér til að mynda fyrir því að finna leiðir til að nota íslenska stafi í tölvum, sem þá voru að ryðja sér til rúms, og fylgdi hann eftir mikilvægu starfi í tungutækni í áratugi. Rögnvaldur var frumkvöðull í beitingu örtölvutækni til betri vinnslu og nýtingar sjávarafla. Hann stóð fyrir hönnun fyrstu rafeindavogarinnar við Raunvísindastofnun árið 1978. Þetta leiddi til þess að fyrirtækið Marel var formlega stofnað 1983 og var Rögnvaldur tæknilegur framkvæmdastjóri þess til 1986, er hann snéri aftur til fyrri starfa við Háskólann. Þá var Rögnvaldur, eins og fyrr sagði, fyrsti forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, og í gegnum starf sitt lagði hann mikið af mörkum við að tengja starf Háskóla Íslands við landsbyggðina með uppbyggingu rannsóknasetra háskólans. Blessuð sé minning Rögnvaldar Ólafssonar.

Góðir ársfundargestir,

Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Velta Stofnunar rannsóknasetra Hí nam tæpum 580 m.kr. á árinu og voru sértekjur 65% tekna stofnunarinnar sem verður að teljast töluverður árangur. Þrátt fyrir fjölgun starfsfólks hefur markmiðið um að á hverju rannsóknasetri séu tveir fastir starfsmenn enn ekki verið náð. Mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetranna til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólk, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi setranna. Ánægjulegt er að sjá stuðning við þessa stefnu m.a. með markmiði ríkistjórnarinnar um eflingu rannsóknasetranna á landsbyggðinni í stjórnarsáttmála hennar og bind ég miklar vonir við að á næstu árum náum við settu marki.

Ég vil þakka starfsfólk rannsóknasetra Háskóla Íslands og ráðgefandi nefnd stofnunarinnar fyrir frábært starf á umliðnu ári. Guðrúnu Á. Jónsdóttur, fyrrum yfirverkefnisstjóra hjá Austurbrú vil ég þakka fyrir áralanga setu í ráðgefandi nefnd stofnunarinnar og góð störf um leið og ég býð Kristínu Ágústsdóttur, forstöðumanni Náttúrustofu Austurlands, velkomna í nefndina.

Þegar lagt var af stað með stofnun fyrsta rannsóknaseturs Háskóla Íslands fyrir rúmum tuttugu árum er ég ekki viss um að menn hafi séð fyrir sér að starfsemin yrði jafn öflug og raun ber vitni í dag. Rannsóknasetrin leggja af mörkum til samfélagsins, standa framarlega í rannsóknum, leiðbeiningu og kennslu nemenda við Háskóla Íslands, um leið og þau eiga í víðtæku samstarfi í sínu nærsamfélagi, byggja brýr yfir til háskólasamfélagsins og til alþjóða vísindasamfélagsins eins og þau verkefni sem hér verða kynnt í dag bera vott um. Þróun rannsóknasetranna sýnir hvað hægt er að gera með því að hafa metnaðarfull markmið til langstíma, öflugt fólk, rík tengsl og stuðning samfélagsins nær og fjær.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar enda eignum við spennandi dagskrá í vændum hér í dag.

Takk fyrir.